

23. mars 2022

## Greinargerð vegna starfsleyfisvinnslu – Fiskmarkaður Djúpavogs

Umsókn um starfsleyfi vegna fiskmarkaðar og slægingarþjónustu, Víkurlandi 1, 765 Djúpavogi barst þann 21.10.2021. Umsækjandi var Fiskmarkaður Djúpavogs ehf., kt. 480299-2999.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins var í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru auglýst á heimasíðu HAUST þann 21.1.2022 í 4 vikur. Frestur til að skila inn athugasemdum rann því út 18.2.2022.

Engar athugasemdir bárust á umsagnartíma og var starfsleyfi útgefið 23.3.2022 með gildistíma í 12 ár.

Engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingafyllst,



Ólöf Vilbergsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi